

AFREKSSTEFNA SÍL

2021-2023

Samþykkt á Siglingaþingi 2021 – Siglingasamband Íslands Engjavegi 6, 104 Reykjavík
kt. 4502740899 www.silsport.is sil@silsport.is

1 Inngangur

Síðan Siglingasamband Íslands (SÍL) var stofnað árið 1973 höfum við átt keppendur á Ólympíuleikum í fjögur skipti. Til ársins 2001 var engin afreksstefna í gangi hjá SÍL heldur var það að frumkvæði iðkenda og metnaður til að ná langt í sinni grein sem skapaði allan árangur.

Í dag eru þrjár aðskildar greinar sem heyra undir þrjú alþjóðleg sérsambönd; Siglingar, Kayakar og Kappróður en til dagsins í dag hefur aðeins verið starfað eftir afreksstefnu í siglingum.

Árið 1997 setti SÍL þá stefnu að áhersla yrði lögð á æfingar og keppni á Optimist-kænum fyrir börn og unglinga og Laser-kænum fyrir þá eldri. Til að auka fjölbreytni í starfinu aðstoðaði SÍL siglingarfélag í landinu við kaup á 18 stk. af kænum af tegundinni Topper Topaz. Með því voru iðkendum gefinn kostur á að kynnast tveggja manna kænum og síðan þá hafa bæst við 12 stk. í flotann. Fjölbreytnin jókst enn frekar árið 2011 þegar bættust við 3 stk. 29er kænur í starfið en þar spilast aðrir eiginleikar en áður buðust. Þær eru hraðskreiðar tveggja manna kænur, nokkurs konar unglingaútgáfa af 49er sem er keppnisbátur á Ólympíuleikunum. Var þessi tegund af bát valin af því að hún er hraðskreiðari og líklegri til að haldast lengur í keppni á Leikunum.

Það er vilji stjórnar SÍL að þessi stefna sem sett er núna standi í tvö ár og sé endurskoðuð og uppfærð á Siglingaþingi að tveimur árum liðnum. Er stjórn ábyrg fyrir framkvæmd og endurskoðun stefnunnar en hún getur falið framkvæmdarstjóra SÍL eða sérstökum verkefnisstjóra að fylgja henni eftir og sjá til að markmiðum hennar sé náð.

Markmið afreksstefnunnar er að skapa tækifæri fyrir afreksfólk okkar að ná lengra á sínum íþróttuferli og veita aðstoð á víðtækri þjálfun og undirbúningi til þátttöku á erlendum siglingarmótum eins og Ólympíu- og Smáþjóðaleikum, Heimsmeistara-, Evrópu- og Norðurlandamótum. Til að þessum markmiðum sé náð er mikilvægt að siglingarfélag sinni sínum hlutverkum og skyldum og því vill stjórn SÍL leggja mikla áherslu á samstarf og samtal milli félaganna. Vill SÍL taka upp víðara samhengi í afreksstefnu sambandsins og taka einnig til kayaka og róðrabáta því þó það starf sé ekki eins afreksmiðað sem stendur þá sér SÍL fram á mikla möguleika. SÍL sér um fjármögnun á hluta af afreksstarfi og sækir um styrki til þeirra aðila sem sambandið hefur aðgang að.

Utan þessarar stefnu okkar eru stærri seglbátar yfir 6 mtr. með þyngda kili, sem krefjast réttinda. Stefnan er unnin af stjórn SÍL og formönnum siglingafélaga sem eru með kænustarf

2 Almenn þátttaka í íþróttinni og hæfileikamótun

Afreksstefnan og árangur hennar byggist fyrst og fremst á metnaði hvers iðkanda fyrir sig.

Ábyrgð og aðkoma siglingafélaganna er stuðningur og aðstoð við að skapa tækifæri fyrir þá iðkendur.

Siglingar

Afreksstarf verður að haldast í hendur við uppbyggingarstarf.

SÍL hefur gefið út tvær kennslubækur auk námskrár fyrir siglingar barna og unglunga og settar hafa verið viðmiðunarreglur fyrir siglingarfélög sem snúa að öryggis- og skipulagsmálum í barna- og unglungastarfi. Viðmiðunarreglurnar miða að bestu aðferðum að erlendri fyrirmynd sem viðurkennd er af Alþjóða siglingasambandinu (World Sailing).

Á hverju ári taka þúsundir barna og unglunga þátt í siglingarnámskeiðum á vegum félaganna en lítill hluti þeirra skilar sér í skipulagt starf til keppni eða frekari æfinga.

SÍL hefur unnið að því að auka þjálfaramenntun og gerð var námskrá fyrir þjálfara í samstarfi við ÍSÍ. *Kayak*

Keppnum á kayak innanlands hafa fallið niður undanfarin ár eða fækkað og ekki hefur verið mikil ásókn í keppnir erlendis. Ein ástæða þess er kostnaður við að hafa nógu marga gæslubáta og Kayjaklúbburinn á ekki gæslubát.

Ef félög sýna áhuga á að keppa að nýju er SÍL reiðubúið til að aðstoða þau eins og frekast er unnt.

Róður

Kappróður hefur legið niðri hérlendis síðan um aldarmótin 2000.

Öðru hverju hefur vaknað upp áhugi á að hefja róður á ný og er SÍL reiðubúið til að veita aðstoð hverjum þeim sem vilja endurvekja róður hér á landi eins og frekast er unnt.

2.1 Aldursviðmið og hæfileikamótun

Siglingar

Börn geta hafið siglingar frá 8 ára aldri og geta þau farið að taka þátt í æfingum um leið og getu til að stjórna og sigla bátunum er náð.

Flest byrja þau á að keppa á einstaklings kænnum (Optimist) en í þeim keppnisflokki eru aldurstakmörkin að keppendur verði að vera yngri en 16 ára. Þau börn sem stunda siglingar í þessum flokki sem sýna fram á getu til að keppa við sér eldri og reyndari keppendur geta tekið þátt í afreksstarfi SÍL frá 13. ári. Engin aldurstakmörk eru á öðrum bátum en Optimist.

Þegar keppendur hafa náð 16 ára aldri geta þau farið á Laser – þá eru í boði mismunandi seglastærðir allt eftir þyngd viðkomandi einstaklings. Til að taka þátt í afreksstarfi á Laser Radial eða Standard þarf viðkomandi að hafa náð 16 ára aldri og sýnt árangur í siglingum á viðkomandi bát.

Topper Topaz er ekki viðurkenndur alþjóðlegur keppnisflokkur en frábær æfingabátur fyrir þá sem vilja keppa á tveggja manna kænnum.

Undanfarin ár hafa bæst við fleiri tegundir af bátum sem auka fjölbreytnina svo sem RS TERA, RS AERO sem eru einmenningskænur.

Einnig eru komnir til landsins nokkrar tveggja manna kænur af tegundinni RS FEVA sem henta sem millistig á milli Topper Topaz og 29er.

Einnig hafa klúbbar keypt kennslubáta af gerðinni RS QUEST sem 2 eða fleiri geta siglt saman á. Fyrir þá sem vilja fara lengra á tveggja manna kænnum eru nú í boði bátar af gerðinni 29er sem er alþjóðlegur keppnisflokkur. En ákveðin þyngd telst kjörþyngd eftir gerð báts og þeim aðstæðum sem siglt er í.

Þessi aukna fjölbreytni í bátafloða gefur einstaklingum meiri möguleika til að velja sér bát sem hæfir getu viðkomandi og færir okkur vonandi fjölgun iðkenda.

Á kænnumótum SÍL er keppt á Optimist, Laser og opnum flokki með forgjöf þessum bátum og stjórn SÍL fylgist með úrslitum móta, árangri og ástundun keppenda.

Kayak

Mörg börn fá tækifæri til að kynna kayakróðri á leikjanámskeiðum en afar fá stunda íþróttina nema í félagsskap með foreldrum sínum.

2.3 Núverandi staða og markmið

Gott samstarf milli bæjarfélaga og siglingarklúbba í landinu hefur náð að kynna siglingar fyrir börnum og unglingum. Á hverju sumri eru haldin sumarnámskeið þar sem þúsundir barna fá að kynna siglingum og róðri, bæði kayak og hefðbundnum róðri, en því miður skilar það góða starf ekki mörgum iðkendum inn í íþróttina.

Áskorun næstu ára verður því í að byggja upp öflugra starf og skýrari hæfileikamótun innan félaganna með skýrri stefnumótun SÍL. Með aukinni samvinnu siglingarfélaganna og aðstoð sambandsins eykst möguleiki á að fjölga iðkendum, hvort sem er til keppnis- eða skemmtisiglinga. Með auknum fjölda iðkenda stækkar hópur þátttakanda í starfinu og þar með aukast möguleikar í afreksstarfinu.

3 Afrekstarf og afkreksíþróttafólk SÍL

Siglingar

Skráning á heimslista er flókin vegna fjölda flokka sem rétt hafa til heimsmeistarakeppni.

Ólympískir bátaflokkar eru 10 talsins og Alþjóðasiglingasambandið heldur utan um þann málaflokk.

Skilgreining SÍL á afrekum er staða á þeim listum.

Kayak

Hefjist keppnir aftur á kayak mun SÍL aðstoða við stefnumörkun afkreksíþróttanna í samstarfi við þjálfara og þau félög sem íþróttina stunda.

Róður

Hefjist róður á ný mun SÍL aðstoða við stefnumörkun afkreksíþróttanna í samstarfi við þjálfara og þau félög sem íþróttina stunda.

3.1. Kröfur um ástundun og æfingamagn

Afreksefni

Afreksefni er íþróttamaður sem sýnir getu og eiginleika sem skara fram úr keppendum á svipuðum aldri og er líklegur til að verða afreksmaður með viðeigandi stuðningi og þjálfun. Afreksefni í landsshóp SÍL er hópur efnilegra íþróttamanna og telst líklegur til að taka við kefli afreksmanna með aukinni færni og getu. Eftir atvikum og tilefni eru afreksefni valin af stjórn SÍL í unglingalandslið með það fyrir augum að taka þátt í t.d. Norðurlandamóti.

Afreksefni er einstaklingur sem hefur sýnt góðar framfarir og hefur náð 1-3 sæti á flestum mótum innanlands undanfarinna ára.

Afreksmaður

Keppandi sem hyggst taka þátt í afreksstarfi SÍL þarf að taka þátt í reglulegum æfingum síns félags og keppnum SÍL. Setja þarf tímasetta áætlun um árangur og markmið keppanda í samstarfi við SÍL, sem fylgist með framvindu þjálfunar og veitir stuðning og aðhald.

SÍL setur kröfu á íþróttamenn í afreksstarfi að þeir stundi siglingaæfingar nær daglega þegar veður leyfir. Hann þarf að ná tókum á bátnum í öllum tegundum veðurs og í öllum aðstæðum. Einnig þarf íþróttamaðurinn að stunda tækni-, styrktar- og þolæfingar allt árið.

Ef þau atriði æfinga sem þarf til að ná settum markmiðum eru ekki í boði hérlendis býður SÍL fram aðstoð, t.a.m að finna viðeigandi æfingabúðir erlendis og/eða erlenda þjálfara.

Afreksmaður einstaklingur hefur náð 1-3 sæti á flestum mótum innanlands undanfarinna ára, keppir og/eða æfir erlendis líka.

3.2 Skilgreiningar á landsliðsverkefnum

Siglingar

Landsliðsverkefni í siglingum eru eins og í öðrum greinum skipt eftir aldurhópum Aldurshóparnir eru t.d.

1. yngri en 16 ára á Optimist
2. 16-18 ára á t.d. Laser Radial
3. 18 ára og eldri á t.d. Laser Radial og Laser Standard

auk þess sem skipting er á milli greina aðstoð, t.a.m að finna viðeigandi æfingabúðir erlendis og/eða erlenda þjálfara.

Íslandsmót	Evrópumót	Smáþjóðaleikar (Siglingar hafa ekki verið keppnisgrein á síðustu Smáþjóðaleikum)
Norðurlandamót	Heimsmeistaramót	Olympíuleikar

Kayak

Engin landsliðsverkefni eru í kayakróðri sem stendur.

Róður

Engin landsliðsverkefni eru í kayakróðri sem stendur.

3.3 Núverandi staða og markmið

Við eigum nokkra efnilega afrekssiglara í dag og er fullur vilji sambandsins að styðja þau til frekari dáða. Áskorunin sem SÍL stendur frammi fyrir er að þessi íþrótt er frekar fámenn og flókið er að ferðast með báta á milli landa og þess vegna höfum við hingað til leigt báta á æfingarbúðum og í keppnum erlendis og tekið þ.a.l. áhættu á ásigkomulagi leigubáta.

Stjórn SÍL stefnir að því að koma á reglulegum heimsóknum hópa héðan til að bæta þjálfun og lengja siglingartímabilið. Einnig verður áhersla lögð á að veita hópnum tækifæri á að keppa og öðlast reynslu á Norðurlanda- og Evrópumótum.

Árið 2020 tókst að koma 2 kænusiglurum í Emerging Nations program hjá World Sailing.

Markmiðin eru að

1. Styðja unglinga (undir 16-18 ára) sem hafa skarað framúr og eru valdir af stjórn SÍL til þáttöku á Norðurlandamóti.
2. Styðja eldri keppendur sem hafa skarað framúr og eru valdir af stjórn SÍL til þáttöku til þáttöku á Norðurlandamótum og öðrum mótum.

Langtímamarkmið SÍL er alltaf sett á að koma siglingarmanni/-konu á Ólympíuleikana.

4 Þjálfarar

Félögin sjá að mestu um að ráða hæfa þjálfara til að sinna sínum iðkendum og undirbúa þá til keppni. Félagin hafa sína eigin markmiðssetningar og afreksstefnur en vinna náið með SÍL til að undirbúa landslið og afreksstarfið almennt.

Árlega heldur SÍL æfingabúðir þar sem siglingafólk allstaðar af landinu kemur til að æfa saman, þar fá þjálfarar einnig tækifæri til að læra af hverjum öðrum og leggur sambandið til yfirþjálfara í þessar æfingabúðir og er hann sóttur erlendis frá.

SÍL hefur ekki gert kröfur til félaganna um hæfni þjálfara. Flestir þjálfarar hafa verið fyrverandi eða eldri siglingamenn. SÍL telur æskilegt að þjálfarar sækji þjálfaranámskið ÍSÍ.

4.1 Hvernig á að efla hæfni þjálfara í íþróttgreininni

ÍSÍ heldur úti þjálfaranámskeiðum á þremur stigum og er ætlast til að sérhæfing þjálfara sé tekin samhliða þriðja stigi. Auk þessarar menntunar er ætlast til að þjálfarar sækji skyndihjálpar- og öryggisbátanámskeið. Siglingasamband Íslands stendur fyrir reglulegum þjálfaranámskeiðum t.d. í

tengdum við æfingabúðir fyrir siglingaþjálfara og þjálfarar eru hvattir til að sækja sér aukna menntun, hvort sem er hjá ÍSí eða erlendis.

Ekki er sérstök afreksþjálfun hér á landi þar sem ekki eru til þjálfarar sem hafa næga menntun eða þekkingu á stórum og krefjandi siglingakeppnum. Því verður að leita út fyrir landssteinana að hæfum þjálfurum til að taka að sér slík verkefni.

SÍL og/eða félögin standur fyrir námskeiðum fyrir þjálfara í meðferð öryggisbáta.

Árið 2020 tókst að koma 2 íslenskum þjálfurum í Emerging nations program hjá World Sailing. Vonir standa til að þetta skref skili okkur framförum í þjálfun.

SÍL leitar eftir leiðum til að bæta gæði þjálfunar.

Skammtímamarkið (næstu 2-4 ár) eru að þjálfarar fari á þjálfaranámskeið ÍSí og fari á námskeið með erlendum þjálfurum hjá SÍL.

Langtímamarkið er að koma menntun og reynslu amk eins siglingaþjálfara á sama stað og gerist í nágrannalöndum á næstu 5 árum með það að markmiði að hann geti stutt betur við landsliðsverkefni

4.2 Núverandi staða og markmið

Sökum þess hversu fámenn íþróttagreinin er getur reynst erfitt að manna þjálfarastöður.

Markmið SÍL er að með öflugri uppbyggingarstarfi og aukinni keppnisreynslu erlendis auðveldi það að fjölga menntuðum og hæfum afreksþjálfurum í íþróttinni innanlands.

5 Aðstaðan í dag og markmið

Siglingar

Aðstaða til siglinga við Íslandsstrendur er almennt góð en erfitt er að halda úti siglingum utanhúss allt árið. Stjórn vill því efla samstarf á milli siglingafélaga til að auka tækifæri iðkenda til æfinga við mismunandi aðstæður yfir vetrartímamann. Miklir möguleikar eru á æfingum yfir veturinn með tilliti til veðurs og birtuskilyrða en leggja þyrfti áherslu á tækni- og styrktaræfingar innanhúss. Áskorun þessara stjórnar er samt að finna leiðir til að fullnægja þörfum til innanhúss æfinga með tilliti til aðstöðu og búnaðar. Einnig er sterkur vilji okkar að koma upp fagteymi til að halda utan um iðkendur sem æfa eftir þessari afreksstefnu og styðja við þjálfara.

Aðstaða í landi er mismunandi eftir siglingafélögum og því er mikilvægi samstarfs mjög skýr. Fjölga þarf öryggis-/þjálfarabátum hjá siglingafélögum til að koma á móts við alþjóðleg viðmið um öryggi við þjálfun og siglingakennslu. Staðan í öryggis- og þjálfarabátum er mismunandi milli félaga.

Flutningur á keppnisbátum til og frá landinu er dýr og tímafrekur og hingað til hefur lausnin verið að leigja báta til keppni erlendis og getur ástand þeirra verið mismunandi. Best væri að koma sér upp keppnisbátum á meginlandi Evrópu í tengslum við æfingasvæði og nýta þá til keppni á mótum í Evrópu.

Flutningur á keppnisbátum og öryggisbátum vegna keppni innanlands er líka dýr og tímafrekur.

Kayak

Áskorun til æfinga á kayak eru aðallega vegna veðurs, vinda og öldugangs en stjórn SÍL er tilbúin að aðstoða kayaksamfélagið til að leita lausna á því svo hægt sé að halda formlegar keppnir reglulega.

Róður

Aðstæður fyrir róður eru á margann hátt erfiðar hér á landi því það er engin sérhönnuð aðstaða til og því þurfa menn sem ætla sér að stunda róður að gera það utanhúss, á sjó eða vötnum. Aftur og eina ferðina enn stöndum við frammi fyrir áskorun í veðri, vindum og öldugangi. En ef áhugi vaknar á þessari tegund íþróttar aftur er vilji stórnar til að aðstoða og styðja við það starf.

6 Fjármögnun

Árlega leggur SÍL fé í sjóð til að mæta útgjöldum vegna afreksstarfs. Upphæð sjóðsins er samþykkt á Siglingaþingi í fjárhagsáætlun hvers árs.

SÍL mun að auki sækja um styrki til ÍSí og einkaaðila til að koma til móts við kostnað keppanda. Gert er ráð fyrir að landsliðsfólk þurfi að greiða helming þess kostnaðar sem tilfellur vegna afreksstarfs en hinn helminginn geta þau sjálf m.a. sótt til eigin siglingafélags, íþróttahéraðs og/eða bæjarfélags.

Áætlanir um fjármögnun eru unnar af stjórn og framkvæmdastjóra Siglingasambandsins og eru lagðar fyrir Siglingaþing til samþykktar ár hvert.